

**Tillaga** A 1979/UKK  
**Afgreiðsla** Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Nefndarálit um þingmannatillögu um örugg stafræn Norðurlönd fyrir börn og ungmenni (A 1979/UKK)

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að stofna starfshóp um samfélagsmiðla sem skal kanna möguleikann á aukinni vernd stafræna notenda með samnorrænum reglum og landsbundnum verkefnum.

### Bakgrunnur

Í tengslum við formennskuáætlunina „Örugg, græn og ung Norðurlönd“ vilja jafnaðarmenn í Norðurlandaráði leggja áherslu á stafrænt örugg Norðurlönd fyrir börn og ungmenni með því að stofna starfshóp um samfélagsmiðla undir Norrænu ráðherranefndinni sem skal kanna til hvaða aðgerða Norðurlönd geta gripið til að vernda börn og ungmenni á Norðurlönd betur gegn neikvæðum afleiðingum samfélagsmiðla og inngrips tæknirisanna inn í samfélög okkar.

Tækni og netmiðlar gegna stóru hlutverki í lífi allra ungmenna í dag, og norræn börn eru á meðal þeirra sem byrja yngst að nota netið. Samfélagsmiðlar eru sá staður þar sem börn og ungmenni kanna og þróa sjálfsmynd sína og sum myndu líklega kalla þá lífsnauðsynlega. Samfélagsmiðlar og aðrir stafrænir miðlar geta þó fljótt tekið yfirhöndina og í dag er neytendavörn barna og ungmenna langt á eftir.

Stafrænir miðlar lifa af með því að skapa fíkn og nýta gögn. Það er skylda okkar sem samfélags að tryggja að börn og ungmenni njóti verndar á viðkvæmum tímum snemma á lífsleiðinni og að þau búi yfir kunnáttu til að geta fótað sig á samfélagsmiðlum og öðrum stafrænum miðlum án þess að falla í þær mörgu gildirur sem tæknirisarnir setja. Við verðum að fræða börn og ungmenni okkar til að þau geti séð í gegnum gildirurnar og skilið kerfin sem liggja að baki þeim, og um leið er mikilvægt að við gefum þeim heilbrigðar stafrænar venjur í farangurinn til að þau séu vel búin fyrir hinn stafræna heim.



## Sjónarmið nefndarinnar

Meirihluti í norrænu þekkingar- og menningarnefndinni vill halda áfram með tillöguna og að tekið verði mið af nýjum upplýsingum og álitni nefndarinnar að tillagan hafi verið og þröngt skilgreind þegar hún var lögð fyrir í upphafi.

Orðalag þingmannatillögunnar er því almennara nú og fjallar um stafræna miðla og ekki aðeins samfélagsmiðla.

Nefndinni er kunnugt um að árið 2023 hafi komið út skýrsla ("A Nordic approach to democratic debate in the age of Big Tech: Recommendations from the Nordic Think Tank for Tech and Democracy") frá Norrænu ráðherranefndinni sem fjallar um málefnið.

Þá bauð nefndin Clara Sommarin frá Norrænu velferðarmiðstöðinni á fund nefndarinnar í september 2024 til að kynna verkefni um öruggara stafrænt lýðræði fyrir börn og ungt fólk sem miðstöðin annast og mun verða hluti af norrænni greiningu árið 2026 þar sem tekið verður saman yfirlit yfir rannsóknir og þekkingu um möguleg skaðleg áhrif og helstu jákvæðu áhrif samfélagsmiðla og internetsins á velferð barna og ungmenna. Á grundvelli þeirrar greiningar verða unnar ráðleggingar um samnorræn verkefni á þessu sviði. Þá er í vinnslu skýrsla innan borgarasamfélagsins þar sem rödd barna og ungmenna fær að heyrast um málefnið.

Nefndin lítur það jákvæðum augum að skýrsla um efnið sé þegar fyrir hendi og að vinna Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar sé í gangi og hlakkar til að skoða þá greiningu sem unnin verður í tengslum við það.

Hins vegar er það álit nefndarinnar að enn sé þörf á að styðja við þá vinnu sem þegar er í gangi með stofnun norræns starfshóps um stafræna miðla og kanna skuli möguleika á því að auka vernd stafrænna notenda á Norðurlöndum með samnorrænu regluverki og landsbundnum verkefnum.

Það er álit nefndarinnar að starfshópurinn skuli hafa umboð til að kanna eftirfarandi spurningar og skyld atriði.

Geta Norðurlönd gert kröfur til tæknirisanna um að innleiða tímabundna jákvæða hnippingu („nudging“) og bjóða upp á betri foreldrastýringar í snjallsímum og á stafrænum miðlum, til dæmis með því að leggja áherslu á stillingarnar við uppsetningu nýrra tækja, breyta sjálfgefnum stillingum tækja og bjóða upp á fleiri möguleika til að tryggja gæði innihaldsins?

Hvaða afleiðingar hefur það þegar einkarekin gagnadrifin fyrirtæki koma að menntamálum og er þörf að reglum á þessu sviði? Til dæmis með því að takmarka



aðgang að gögnum barna bæði í einkageira og hjá hinu opinbera til að ekki megi misnota þau fyrir gervigreind eða nota í viðskiptalegum tilgangi.

Væri heppilegt að setja upp landsnefndir um stafræna miðla í norrænu löndunum, sem gætu til dæmis Svansvottað öpp?

Er hægt að innleiða tækniskilning inn í núverandi fög í grunnskólum?

Hvernig getur fræðslusjónvarpsefni og fræðsluöpp orðið raunverulegum valkostur við ókeypis efni á netinu sem ekki er uppeldisfræðilegt?

Reykjavík, 29. október 2024

*Lars Mejern Larsson (S)*

*Kirsti Leirtrø (A)*

*Per Husted (S)*

*Pinja Perholehto (sd)*

*Catarina Deremar (C)*

*Kathrine Kleveland (Sp)*

*Lars-Christian Brask (M)*

*Veronika Honkasalo (vänst)*

*Joakim Vigelius (saf)*

*Victoria Tiblom (SD)*

#### FYRIRVARI

Flokkahópur hægrimanna, Norrænt Frelsi og Framfaraflokkurinn líta svo á að Norræna ráðherranefndin hafi þegar uppfyllt það sem tillagan fjallar um og óskar þess vegna að fara ekki lengra með tillögunu.